



367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2012

Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur glímt við rekstrarvanda allt frá stofnun haustið 2004. Þrátt fyrir uppsafnaðan halla frá fyrri árum fékkst rekstraráætlun 2012 lesin inn í kerfið og skólanum barst þar eftir rekstarfé án eftirgangssemi það sem eftir lifði árs. Í áætluninni var gert ráð fyrir rekstrarafgangi en niðurstaða ársreiknings 2012 er neikvæð um 960.000 kr og rekstraráætlun 2013 fæst ekki samþykkt. Helstu ógnanir sem steðja að skólanum er nemendafækkun á upptökusvæði skólans. Þegar saman fara stórir útskriftarhópar og litlir nýnemahópar þá óhjákvæmilega fækkar í skólanum. Svar okkar í FSN hefur verið að auka kynningar á dreifnámi auk samstarfs um Fjarmentaskólann sem vonandi á eftir að skila okkur fleiri nemendum.

Nemendur

Upptökusvæði FSN er norðanvert Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir. Skólinn starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði auk þess bíður skólinn upp á dreifnám óháð búsetu. Dreifnám FSN er ólíkt fjarnámi að því leiti að nemendum býðst að mæta í skólann og sitja tíma í viðkomandi áfanga. Á almanaksárinu 2012 gerðu fjárlög ráð fyrir 210 ársnemunum en þeir urðu aðeins 196. Nýtingarhlutfall er komið í 58,5% en árið 2011 var það í 70%. Brottfall var um 4% á árinu. Þess ber að geta að þar sem námsmat skólans byggist fyrst og fremst á hugmyndum um leiðsagnarmat þá eru fá lokapróf og því erfitt að miða við skráða nemendur í próf og því hefur verið miðað við að nemandinn hafi verið a.m.k. í 12 vikur við nám og einkunn í Innu sé tveir eða hærri. Þessi aðferð hefur verið viðhöfð með vitund ráðuneytisins. Á vormánuðum 2012 ákvað skólameistari að bjóða 10. bekkjum af upptökusvæði skólans nám í ENS103 og STÆ103 á kostnað FSN. Þetta var gert í góðri trú um að skólinn fengi að telja þessar einingar fram þar sem vinnuhópur hafði skilað ráðherra niðurstöðu um hvernig mætti koma þessum tengslum aftur á. Það er skemmst frá því að segja að 32 nemendur þekktust boðið og koma til með að ljúka sem svarar 123 einingum nú í vor sem ekki fást taldar fram ef fram fer sem horfir. Inna er mikið og öflugt hjálpartæki og að sjálfsögðu með sín takmörk. Eitt af því sem okkur hugkvæmdist ekki í lok vor- og haustannar 2012 var að halda saman upplýsingum um búsetu nemenda okkar og þrátt fyrir töluverða fyrirhöfn fengu við Innu ekki til þess að svara þeirri spurningu og því eru þær ekki með í þessari ársskýrslu. Við þykjumst hins vegar vita að yfir 90% nemenda FSN eru af upptökusvæði skólans.

Skipting nemenda eftir kyni og vinnslustöðu

Vorönn 2012

Vinnslustaða	Kk	Kvk	Samtals
Í námi	85	97	182
Dreifnám	12	24	36

Haustönn 2012

Vinnslustaða	Kk	Kvk	Samtals
Í námi	70	82	152
Dreifnám	29	51	80

Nám

Fjöldi nemenda eftir brautum

Vorönn 2012

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn bóknámsbraut	ABB	3
Almenn braut	AB	33
Fyrsta námsár í bygginga- og málmíðngreinum	FN	5
Félagsfræðibraut	FÉ	112
Málabraut	MB	4
Náttúrufræðibraut	NÁ	51
Starfsbraut	ST1	7
Öryggis- og þjónustubraut	ÖP	2
Tölvubraut	TFB	1
Samtals		218

Haustönn 2012

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn bóknámsbraut	ABB	2
Almenn braut	AB	66
Félagsfræðibraut	FÉ	100
Málabraut	MB	5
Náttúrufræðibraut	NÁ	49
Starfsbraut	ST1	5
Umhverfis- og auðlindabraut	UMAU	5
Samtals		232

Almenn bóknámsbraut ABB hefur verið lokað og á vorönn 2013 er enginn nemandi skráður á þá braut. Fyrsta námsár í bygginga- og málmgreinum var kennd með ærnum tilkostnaði á vorönn 2012 í samstarfi við FVA en ekki náðist í hóp á haustönn 2012. Öryggis- og þjónustubraut er braut til framhaldsskólaprófs sem ekki hefur náð aðsókn en er enn til og hugmyndin er að vinna enn frekar að því að kynna þetta námsframboð. Málabraut hangir inni en hluti brautarinnar er fjarnám. Tölvubraut hefur verið lokað. Umhverfis- og auðlindabraut er fjarnámsbraut til stúdentsprófs. Brautin er samvinnuverkefni fjögurra framhaldsskóla. Vinna við innleiðingu aðalnámskrár er í gangi. Á vorönn 2012 var lokið við að umskrifa sex áfanga í íslensku. Á haustönn var haldið námskeið um grunnþætti menntunar með það í huga að allt nám í FSN yrði skipulagt út frá þeim í samþættum áföngum. Kennarar voru mjög áhugasamir um hugmyndina en vinna við útfærslu stóð í okkur og ekki bætti úr að KÍ hvatti kennara til þess að draga lappirnar við þessa vinnu. Nú á vorönn 2013 hefur færst aukinn kraftur í þessa vinnu þó svo að okkur takist ekki að sækja um tilraunakennslu nýrrar brautar

fyrir næsta haust. Skólinn er í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga og Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra um fisktækninám annars vegar til framhaldsskólaprófs og hins vegar til stúdentsprófs. Samstarf FSN við Menntaskólann á Tröllaskaga, Menntaskólann á Egilsstöðum og Framhalsskóla Austur-Skaftfellinga um fjarnámsbraut til stúdentsprófs heldur áfram. Þessir fjórir skólar taka að sér fjarnemendur hver frá öðrum án endurgjalds.

Kennsla og stjórnun

Skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 50%, námsráðgjafi í 70%, fjármála- og skrifstofustjóri í fullu starfi og tveir deildarstjórar í fullu starfi hvor. Kerfisfræðingur í 25% starfi, þrjár ræstitæknar í samtals 1,28 starfshlutfalli, tveir þroskaþjálfar í fullu starfi, þrjár stuðningsfulltrúar í samtals 2,75 starfshlutfalli, húsvörður í fullu starfi og síðast en ekki síst þá eru 18 framhaldsskólakennarar í samtals 13 stöðugildum. Auk þess er aðstoðarskólameistari í hálfri stöðu sem kennari, námsráðgjafinn er í 30% stöðu sem kennari. Fyrrverandi aðstoðarskólameistari sem sneri aftur til kennslu nýtir sér heimild í kjarasamningi til þess að vinna önnur störf í skólanum sem nemur 40% af fyrri stjórnunarskyldu sinni samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara. Allir kennarar skólans hafa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla, fjórtán eru með BA, BS eða Bed gráðu og 3 með meistaragráðu. Þrjár kennarar eru í formlegu námi og stefna á meistaragráðu.

Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn er að meta vinnu nemenda frá viku til viku. Í nokkrum áföngum eru lokapróf. Til þess að standa undir þessu þurfa menn stöðugt að halda vöku sinni og að því er unnið ekki síst eftir að nýr aðstoðarskólameistari fór að láta til sín taka.

Mat

Samkvæmt eldri samningi hafði skólinn sett sér það markmið að innrita alla sem sækja um og við það var staðið. Skólinn setti sér það markmið að hækka hlutfall þeirra sem líður mjög vel/vel í skólanum úr 92% í 96% en það náðist ekki en aftur á móti hefur samstarf skólans við félags- og skólaþjónustu Snæfellinga stórauðist. Unnið hefur verið áfram að því að samþætta áfanga og það stefnir í aukið samstarf kennara innan sama áfanga. Hugmyndir um að geta sótt um að innrita haustið 2013 eftir lögum nr.92/2008 kemur ekki til með að ná fram. Skólinn setti sér það markmið að skerpa á ferlum þar sem skýrar kæmi fram hver bæri ábyrgð á hverju. Þar sem skipt var um aðstoðarskólameistara á miðju skólaárinu er þessari vinnu ekki lokið en lofar mjög góðu.

Fjármál, rekstur

Rekstur skólans var neikvæður um 960.000 kr. sem er frávik upp á 0,4% innan ársins 2012. Þessi niðurstaða er önnur en rekstraráætlun 2012 gerði ráð fyrir en þar var gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á rúmar tvær milljónir. Margt er hægt að tína til sem ástæðu fyrir þessari niðurstöðu en þar vegur þýngst tveggja milljóna lækkun framlaga þar sem skólinn skilaði ekki þeim árnemendum sem fjárveitingar 2012 gerðu ráð fyrir. Á þessari stundu 28.febrúar 2013 er unnið að endurskoðun rekstursins sem miðar að því að skólinn haldi fjárveitingum 2013 og 2014 miðað við 210 nemendaígildi og endurgreiði uppsafnaðan halla 9,2 milljónir á þessum tveim árum. Þegar þetta er ritað er óljóst hvort samningar við fjármálaráðuneytið náist um þessa hugmynd.

Samstarf við aðra

FSN er í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga, Menntaskólann á Egilsstöðum og

Framhaldsskóla Austur Skaftfellinga um Fjarmentaskólann og almennt um fjarnám. FSN , Menntaskólinn í Borgarnesi og Fjölbrautaskóli Vesturlands hafa fundað nokkrum sinnum yfir árið og skipts á skoðunum og upplýsingum meðal annar um fyrirkomulag fjarnámsvera og þá hefur Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra og Menntaskólinn á Ísafirði tekið þátt í umræðunni. FSN og Menntaskóli Borgarfjarðar hafa borið saman bækur sínir hvað innleiðinguna varðar og það kemur til með að aukast núna á vorönn 2013. Þessir tveir skólar reka sameiginlegan netþjón vegna kennslukerfisins og vinna saman að kynningu þess fyrir kennara. Þá má geta þess að FSN og FNV unnu IPA-umsókn sem Matís leiddi. Verkefnið snerist m.a. um matvælatengt nám en því miður komst sú hugmynd ekki í gegnum fyrstu síu Evrópusambandsins, frekar en önnur umsókn sem framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar af Norðurlandi vestra stóðu saman að.

Annað

Það er ákveðið áhyggjuefni hversu tilviljanakennt það er að fá framhaldsskólakennara að skólanum, en engir flutningsstyrkir eða ívilnanir gagnvart húsnæði eru í boði fyrir þá sem vildu flytjast á svæðið. Það hefur tíðkast um langan tíma að tveir eða fleiri kennarar kenni við skólann á ári án þess að flytja á svæðið nema þá að hluta. Það sem skólameistari er m.a. að skoða er hvort tveir skólar á svæðinu geti sameinast um kennara en einn augljós galli er á því þar sem næsti framhaldsskóli er í 102 km fjarlægð og kostnaður við akstur er forsenda fyrir slíku fyrirkomulagi.

Lokaorð

Grundarfirði 28. febrúar 2013

Jón Eggert Bragason
Skólameistari